

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skeljungur Raufarhöfn



<b>Dags eftirlits</b>	17.10.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Hermannsson	<b>Staðsetning</b>	636270,877	665926,619

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit í stöðinni. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni. Skráningarblöð voru ekki aðgengileg á Raufarhöfn þar sem allar skráningar eru sendar til Reykjavíkur. Gögn um skráningar í stöðinni hafa borist. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni eru færðar á mánaðarblöð olíubirgðastöðvarinnar og reyndust í lagi.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni og þjónustar önnur mengunarvarnarþró um birgðageyma en hin áfyllingarplani. Báðar skiljurnar voru prófaðar með olíuprófi Macherey Nagel og stóðust þær báðar prófunina.

Þrír geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Loki í frárænnli þróar stóð lokaður. Girðingar og hlið voru í lagi.

### ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 24.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.